

3. gr.

Greiðsla fyrir afnot einkabíla.

Þegar hagkvæmt þykir að semja við opinberan starfsmann um notkun einkabíls hans í sambandi við starf hans, skal gera þar um skriflegan samning við ráðuneyti það, er viðkomandi stofnun heyrir undir, enda samþykki fjármálaráðuneytið samningsgerðina. Samningurinn sé gerður til eins árs, og gengur þá úr gildi, ef hann er ekki endurnýjaður. Í samningnum skal ákveða heildarfjárhæð þóknunar fyrir afnot bílsins og jafnframt tiltaka áætlaða aksturslengd, ef unnt er. Ef ástæða er til að ákveða ekki heildarfjárhæð þóknunar fyrir fram, má í samningi gera ráð fyrir reikningsskilum eftir á samkvæmt raunverulegri aksturslengd. Tillögu að samningi skal forstöðumaður leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, enda sé samningsgerð lokið, ef úr verður, eigi síðar en 1. marz. Þó getur fjármálaráðuneytið leyft undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi reglur nr. 83 30. júní 1956, svo og önnur eldri ákvæði, er brjóta kunna í bága við þessar reglur.

Fjármálaráðuneytið, 15. október 1963.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Ólafur Stefánsson.

Nr. 181.

12. júní.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 1000 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 1000 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 1000 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið:

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir bankastjóra Seðlabankans, Jóns G. Mariássonar, Vilhjálmss Þór og Jóhannesar Nordal, eru prentaðar til skiptis á seðlana, þannig að tvær undirskriftir koma á hvern seðil.

Fyrir framan bæði númer hvers seðils eru stafirnir EA með upphafsstófum.

Á bakhlið:

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Hinn eldri 1000 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 12. júní 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 182.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. B. 1963, bls. 238):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	28579.00	
b. Bankainnstæða	—	19327.34	
			kr. 47906.34
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2286.32	
b. — bankainnstæðu	—	1217.21	
			— 3503.53
			Kr. 51409.87

Gjöld:

1. heiðurslaun til Sigurjóns Guðmundssonar, skrifstofu- stjóra	kr.	2000.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	28807.65	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	20602.22	
			kr. 51409.87
			Kr. 51409.87

Í atvinnumálaráðuneytinu, 22. maí 1963.

Gunnlaugur E. Briem.